

## **59. fundur**

atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar var haldinn 18. febrúar 2003, kl. 20:00 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi.

*Mætt voru:* Magnús Bæringsson formaður, Sæþór Þorbergsson, Helga Guðmundsdóttir, varamaður Þorsteins Sigurðssonar, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Elisdóttir, sem ritaði fundinn.

Þá var mætt Ásthildur Sturludóttir atvinnuráðgjafi, sem sérstaklega var boðuð til fundarins.

Fundur var settur kl. 20:00.

### **Dagskrá:**

#### **1. Undirbúningur að átaki um eflingu atvinulífs í Stykkishólmi**

Rædd var hugmynd um íbúáþing þar sem bæjarbúum yrði gert kleift að koma fram með og ræða sínar hugmyndir um atvinnutækifæri og nýsköpun. Settar voru fram frumhugmyndir um framkvæmd á slíku þingi sem Atvinnuráðgjöfin og atvinnumálanefnd stæðu fyrir í sameiningu.

#### **2. Undirbúningur að heimsókn í fyrirtæki í Stykkishólmi**

Ásthildur sagði frá heimsóknum Atvinnuráðgjafar Vesturlands í fyrirtæki bæjarfélaga á Vesturlandi, en nú þegar hafa verið heimsótt 30 fyrirtæki í Grundarfjarðarbæ. Þá voru ræddar fyrirhugaðar heimsóknir í fyrirtæki í Stykkishólmsbæ og kynnti Ásthildur spurningaeyðublöð sem lögð verða fyrir forsvarsmenn þeirra. Nefndarmenn sáu ekki ástæðu til að bæta við spurningum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:30.

Næsti fundur ákveðinn síðar.